

Alþingi
Erindi nr. P 141/302
komudagur 2.11.2012

Sjúkrahúsið á Akureyri
1. nóvember 2012

Þingsályktunartillaga um legslímuflakk - Umsögn.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri hefur fjallað um tillöguna í samráði við kvensjúkdómalækna.

Tillagan felur í sér að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir fræðslu um legslímuflakk og skoða möguleika á stofnun göngudeildar fyrir konur með legslímuflakk.

Álit: Framkvæmdastjórn FSA getur ekki stutt þessa þingsályktunartillögu. Það er ekki á ábyrgð Alþingis að forgangsraða sjúkdómsflokkum til fræðsluátaka eða göngudeildarþjónustu. Fagfólk heilbrigðisþjónustunnar þarf að fá fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja og forgangsraða út frá gagnreyndri þekkingu. Landlæknisembættið í samvinnu við heilbrigðisstofnanir vinnur klínískar leiðbeiningar. Alþingi hefur annað hlutverk en að velja stök læknisfræðileg málefni til fóstrunar.

Í greinargerð vantar fagtilvitnanir. Sérstaklega eru stórorðar fullyrðingar settar fram um að „rangar hugmyndir hafa verið ríkjandi... upplýsingagjöf villandi... o.s.frv“, án þess að vísað sé til gagna, íslenskra eða erlendra, og flokkast slíkt til sleggjudóma.

Fyrir hönd framkvæmdarstjórnar FSA



Gróa Björk Jóhannesdóttir
framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.